

FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS SLHF.

SKILMÁLAR FYRIR FJÁRFESTINGAFÉLAG

1 FJÁRFESTINGAFÉLAGIÐ – FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS SLHF.

- 1.1 Framtakssjóður Íslands slhf. er samlagshlutafélag, skráð og stofnað í Reykjavík í samræmi við íslensk lög og reglur. Heimili félagsins er í Reykjavík. Kennitala Framtakssjóðs Íslands slhf. er 651109-0510.
- 1.2 Ábyrgðaraðili og hluthafar gera samning þennan til að mæla fyrir um nokkra þætti samskipta þeirra sem hluthafa í félaginu og sem hluthafa í ábyrgðaraðilanum.

2 SKILGREINING OG TÚLKUN

- 2.1 Kaflafyrirsagnir sem hér eru notaðar eru eingöngu til tilvísunar og hafa alls engin áhrif á merkingu eða túlkun samnings þessa.
- 2.2 Málfræðilegt karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn, og eintala og fleirtala, eru í samningi þessum notuð þannig að hvert þeirra skal hvarvetna talið fela í sér hin, þar sem samhengi krefst.

3 MARKMIÐ

- 3.1 Framtakssjóður Íslands slhf. mun ávaxta innborgað fé með fjárfestingum í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll.
- 3.2 Hlutverk Framtakssjóðs Íslands slhf. (FSÍ) er að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins. FSÍ mun fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll. Markmið Framtakssjóðs Íslands slhf. er að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði og um leið skilað góðri ávöxtun til fjárfesta. Framtakssjóði Íslands slhf. er heimilt að fjárfesta erlendis að því marki sem nauðsynlegt er t.d. vegna markaðssóknar íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði, ekki síst þegar möguleiki er á sameiningu eða samruna við fyrirtæki í eigu Framtakssjóðs Íslands slhf.
- 3.3 Framtakssjóður Íslands slhf. mun einnig taka þátt í brúar- og/eða viðaukafjárfestingum til að stuðla að hagræðingu eða samruna fyrirtækja.

4 FJÁRFESTINGASTEFNA.

- 4.1 Stjórn FSÍ setur sjóðnum fjárfestingastefnu að fenginni umsögn ráðgjafaráðs, sbr. grein 16.
- 4.2 Í starfsemi FSÍ verður lögð áhersla á að fylgja leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtækja. Við ákvarðanir um fjárfestingar í hlutafélögum verður litið til reglna OECD um stjórnarhætti fyrirtækja og reglna Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. Þá mun einnig verða litið til nýútkominna leiðbeininga um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja sem gefin hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Ísland og Samtökum atvinnulífsins. Ennfremur verður horft til reglna ASÍ um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar og settar reglur um innri starfsemi.
- 4.3 FSÍ mun gegna eigendaskyldum sínum með virkum hætti og koma ábendingum um rekstur og stefnu fyrirtækja auk bættra stjórnarháttanna sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á stjórnarfundum og hluthafafundum og með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja.
- 4.4 Reglur stjórnarsýslulaga um hæfi stjórnarmanna munu gilda um aðkomu að málsmeðferð einstakra mála og ákvarðanatöku í stjórn FSÍ. Það felur m.a. í sér að stjórnarmenn munu ekki taka þátt í umræðum eða ákvörðunum á stjórnarfundum FSÍ um málefni fyrirtækja þar sem þeir hafa hagsmuna að gæta. FSÍ mun leggja áherslu á að sama fyrirkomulag verði viðhaft eftir því sem við á í stjórnnum þeirra fyrirtækja þar sem sjóðurinn er hluthafi.
- 4.5 FSÍ mun leggja áherslu á að gegna hlutverki sínu sem fjárfestir með ábyrgum hætti og leggja í því sambandi til grundvallar mikilvæg samfélagsleg gildi auk þess sem rík áhersla verður lögð á góða stjórnarhætti með það að markmiði að tryggja að hagsmunum sjóðsins sem fjárfestis sé sem best borgið.
- 4.6 Á grundvelli þessa mun FSÍ setja sér hluthafastefnu sem gerð verður grein fyrir opinberlega. Megininntak hennar verður að sjóðurinn er áhrifafjárfestir sem hefur ásamt góðri arðsemi af hlutabréfaeign sinni það að markmiði að stuðla að vexti og viðgangi þeirra fyrirtækja sem hann fjárfestir í. Enn fremur verður horft til reglna Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, en nokkrir íslenskir lífeyrissjóðir eiga aðild að reglunum, sem taka til umhverfislegra og félagslegra þátta í starfsemi fyrirtækja auk góðra stjórnarháttanna. Þá mun sjóðurinn setja sér almenn viðmið varðandi umhverfismál sem og félagslega ábyrgð og mannréttindi.
- 4.7 Fjárfestingar verða ekki takmarkaðar við tiltekna atvinnugreinar. Heimilt er að fjárfesta í öðrum fjárfestingasjóðum ef fjárfestingastefna þeirra fullnægir kröfum og rúmast innan stefnu FSÍ.
- 4.8 Kröfur verða settar um lágmarksstærð fyrirtækja sem fjárfest er í. Stefnt er að áhættudreifingu í fjárfestingum m.t.t. atvinnugreina og fleiri þátta.
- 4.9 Ekki verða takmarkanir á eignarhlutdeild FSÍ í fyrirtækjum. Að jafnaði er þó horft til eignarhlutar á bilinu 35-55% sem gefi FSÍ nægileg og hæfileg áhrif á stjórnun viðkomandi hlutafélaga.

- 4.10 FSÍ kemur að rekstri viðkomandi fyrirtækja og stjórnun þeirra með beinni þátttöku í stjórn.
- 4.11 Framtakssjóði Íslands slhf. er heimilt að fjárfesta í fyrirtækjum með öðrum aðilum (meðfjárfestum). Ákveði FSÍ að bjóða hluthöfum í FSÍ að gerast meðfjárfestar í einstökum verkefnum, skal hluthöfum boðin þátttaka í hlutfalli við hlutfjárframlag sitt.

5 ÁBYRGÐARAÐILI – FSÍ (FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS) GP EHF.

- 5.1 Ábyrgðaraðili (general partner) Framtakssjóðs Íslands slhf. verður FSÍ (Framtakssjóður Íslands) GP ehf., kt. 491109-2110, sem er einkahlutafélag skráð og stofnað í Reykjavík í samræmi við íslensk lög og reglur.
- 5.2 Eigandi FSÍ GP ehf. er Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf. (EL), kt. 691298-3299, Sætúni 1, Reykjavík. Eftir stofnun Framtakssjóðs Íslands slhf. verða hlutir Eignarhaldsfélags lífeyrissjóða ehf. í FSÍ GP ehf. seldir hluthöfum í Framtakssjóði Íslands slhf. í hlutfalli við hlut þeirra í sjóðnum.
- 5.3 Stjórn FSÍ GP ehf. skal skipuð allt að sjö mönnum og allt að fjórum til vara. Stjórnin tekur ákvarðanir fyrir hönd Framtakssjóðs Íslands slhf., sem er sjálfstæður lögaðili. FSÍ GP ehf. er ábyrgur fyrir að leita og kanna áreiðanleika nýrra fjárfestinga, meta, hafa eftirlit og eftirfylgni með og sjá um upplausn eigna Framtakssjóðs Íslands slhf., auk þess að sjá um daglegan rekstur og stjórnun hans.

6 FJÁRFESTINGALOFORÐ

- 6.1 Framtakssjóður Íslands slhf. skal leita fjárfestingarloforða allt að fjárhæð 60.000.000.000,-, ritað krónur sextíu milljarða.
- 6.2 Stjórn FSÍ GP ehf. hefur heimild til að samþykkja fjárfestingarloforð umfram hámarkið.

7 FJÁRFESTING Í FRAMTAKSSJÓÐI ÍSLANDS SLHF.

- 7.1 FSÍ GP ehf. lofar að fjárfesta í Framtakssjóði Íslands slhf. fyrir 4 milljónir króna.
- 7.2 Aðrir aðilar skuldbinda sig til að fjárfesta í Framtakssjóði Íslands slhf með hlutfjárfárukningu svo sem kemur fram í áskriftarskrám. Reynist ekki unnt að finna fjárfestingarverkefni fyrir Framtakssjóð Íslands slhf. á starfstímanum sem nemur heildarhlutfjárfáruforðum lækka þessar fjárhæðir hlutfallslega.
- 7.3 Lágmarksfjárfesting hvers aðila að Framtakssjóði Íslands slhf. er kr. 50.000.000, að undanskildum FSÍ GP ehf., en framlag hans miðast við kr. 4.000.000,-. Stjórn FSÍ GP ehf. er heimilt að veita undanþágu frá þessu lágmarki ef félagið telur ástæðu til.
- 7.4 Er stjórnin hefur ákveðið hlutfjárfárukningu skal tilkynning þess efnis (innköllun) vera send hluthöfum með tölvupósti eða faxi þangað sem hluthafar skulu gefa upp. Með tilkynningu sem send er hluthöfum um hlutfjárfárukningu skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra í tengslum við áskrift.
- 7.5 Hluthafar samþykkja að nýta sér forgangsrétt sinn að áskrift hluta og er þeim skylt að skrá sig fyrir nýjum hlutum í hvert sinn sem stjórnin ákveður hlutfjárfárukningu, með

áskrift að þeim hlutum sem lagt er til að útgefnir verði í sama hlutfalli og því hlutafé sem þeir eru skráðir fyrir og veita þeir stjórn félagsins hér með óafturkallanlegt umboð til að skuldbinda hluthafa með áskriftinni skv. áskriftarskrá þar sem fram kemur hámarksfjárfesting einstakra hluthafa.

- 7.6 Ekki má greiða fyrir nýja hluti með skuldajöfnuði, eða á nokkurn annan hátt en með reiðufé. Áskrift að nýjum hlutum skal skráð á áskriftaskrá, sem undirrituð skal af stjórn félagsins.
- 7.7 Að auki er stjórn þess eða þeim sem við stjórn þess taka heimilt að auka hlutafé þess í kr. 90.000.000.000-, ritað krónur níttú milljarða,- með heimild í samþykktum félagsins með áskrift að nýjum hlutum. Heimild þessi gildir til 31. desember 2012. Hluthafar eru ekki skuldbundnir til að taka þátt í hlutfjárauðningu umfram það sem þeir hafa skuldbundið sig til í áskriftarskrá.

8 INNKÖLLUN FJÁRMUNA

- 8.1 Eftir því sem Framtakssjóður Íslands slhf. ræðst í fjárfestingar verða fjárfestingaloforð innheimt af hluthöfum pro rata, nema af FSÍ GP ehf. Fjárfestingaloforðin verða innkölluð á þriggja ára tímabili. Stjórn sjóðsins er heimilt að framlengja innköllunartímabil að hámarki í eitt ár. Á fyrsta rekstrarári verða innkölluð allt að 40% af þátttökuloforðum og síðan að hámarki 30% næstu tvö árin þar á eftir. Að þessum þremur árum liðnum verður ekki um frekari innkallanir að ræða. Greiðslur skal inna af hendi eigi síðar en 20 dögum eftir að FSÍ GP ehf. hefur farið fram á það. FSÍ GP ehf. hefur einnig heimild til að innheimta fjárfestingaloforð til að tryggja að nægilegt handbært fé sé fyrir hendi í Framtakssjóði Íslands slhf. Slík innköllun skal þó ekki leiða til að handbært fé nemi hærri upphæð en 10% af fjárfestingaloforðum.

9 GREIÐSLUFALL

- 9.1 Hluthafa ber að greiða fjármuni inn til Framtakssjóðs Íslands slhf. í samræmi við fjárfestingaloforð sín, eftir því sem FSÍ GP ehf. óskar eftir. Nú stendur hluthafi ekki við þessa skuldbindingu, þrátt fyrir að FSÍ GP ehf. hafi skorað á hluthafann að greiða fjármuni inn til Framtakssjóðs Íslands slhf. í samræmi við fjárfestingaloforð sín og gefið honum mánaðarfrest til þess með sannanlegum hætti. Við þetta minnkar eignarhlutur vegna fyrri fjárfestingar hluthafans um 50% og fellur sá eignarhlutur til Framtakssjóðs Íslands slhf. og jafnframt missir hluthafi rétt til hagnaðar af fjárfestingum eftir greiðslufallið. Þetta skilur hluthafann ekki undan greiðslu á sínum hluta í umsýsluþóknun Framtakssjóðs Íslands slhf. Komi til greiðslufalls er FSÍ GP ehf. heimilt að bjóða öðrum fjárfestum að nýta sér hið óefnda fjárfestingarloforð.

10 AÐRIR FJÁRFESTAR Í FRAMTAKSSJÓÐI ÍSLANDS SLHF.

- 10.1 Þátttaka annarra en lífeyrissjóðanna í fjárfestingu í Framtakssjóði Íslands slhf. er möguleg með heimild FSÍ GP ehf. Öðrum fagfjárfestum en lífeyrissjóðum verður síðar heimilt að gerast hluthafar í Framtakssjóði Íslands slhf., enda standist þeir allar kröfur sem eðlilegt er að gera til fagfjárfesta. Samanlagður hlutur annarra fagfjárfesta skal þó aldrei verða meiri en 49% hlutfjár í Framtakssjóði Íslands slhf.

11 GILDISTÍMI

- 11.1 Framtakssjóður Íslands slhf. skal starfræktur í sjö ár frá síðustu lokun sjóðsins, sbr. 12. gr. Stjórn FSÍ GP ehf. er þó heimilt að lengja líftíma sjóðsins tvisvar sinnum, um eitt ár í senn. Starfrækslutími getur því að hámarki orðið þrettán ár.

12 FJÁRFESTINGATÍMABIL

- 12.1 Gert er ráð fyrir að nýfjárfestingum verði lokið innan þriggja ára frá fyrstu lokun. Fyrsta lokun telst frá þeim degi sem áskrift eða skuldbindandi fjárfestingarloforð liggja fyrir frá hluthöfum. Ábyrgðaraðili skal tiltaka dagsetningu fyrstu lokunar. Viðaukafjárfestingar geta orðið allt til loka starfstíma Framtakssjóðs Íslands slhf. Fjárfestingaloforð eru bindandi allan starfstíma Framtakssjóðs Íslands slhf.

13 LOKANIR

- 13.1 Stjórn FSÍ GP ehf. getur lokað Framtakssjóði Íslands slhf. fyrir frekari fjárfestingum nýrra hluthafa þegar hún telur ástæðu til (fyrsta lokun). FSÍ GP ehf. stefnir að fyrstu lokun eins fljótt og verða má. Eftir fyrstu lokun, má vera að opnað verði að nýju fyrir fjárfestingar nýrra hluthafa. Það er þó aðeins heimilt innan árs frá fyrstu lokun. Nýir hluthafar sem fá aðgang að Framtakssjóði Íslands slhf. eftir fyrstu lokun skulu greiða til Framtakssjóðs Íslands slhf. hlutfallslega þá fjárhæð sem innheimt hefur verið af öðrum hluthöfum frá fyrstu lokun, þ.m.t. þóknun FSÍ GP ehf. og að auki vexti sem nema stýrivöxtum Seðlabanka Íslands með álagi ákvörðuðu af stjórn FSÍ GP ehf. sem reiknast frá fyrstu lokun.

14 VIÐAUKAFJÁRFESTINGAR

- 14.1 Eftir að fjárfestingatímabili lýkur er Framtakssjóði Íslands slhf. heimilt að ráðast í frekari fjárfestingar ef það er til þess fallið að vernda eða auka verðgildi eldri fjárfestinga félagsins. Slíkar fjárfestingar mega þó ekki nema hærri upphæð en þeim fjárfestingarloforðum sem ekki hefur verið kallað eftir.

15 TAKMARKANIR Á STÆRÐ FJÁRFESTINGA

- 15.1 Engin ein fjárfesting má nema meiru en 15% af heildarfjárfestingarloforðum Framtakssjóðs Íslands slhf. nema með sérstakri samþykkt ráðgjafaráðs.

16 RÁÐGJAFARÁÐ

- 16.1 Stjórn Framtakssjóðs Íslands slhf. skipar 12 manna ráðgjafaráð að fengnum tilnefningum hluthafa. Ekki er heimilt að tilnefna stjórnar- og varastjórnarmenn í ráðgjafaráðið. Ráðgjafaráðið er umsagnaraðili um fjárfestingastefnu sem stjórn sjóðsins setur. Ráðgjafaráðið fjallar um málefni er varða túlkun samningsins eða mál sem skapað gætu hagsmunaárekstra. Ráðgjafaráðið fjallar ekki um einstakar fjárfestingar. FSÍ GP ehf. getur auk þess óskað eftir að Ráðgjafaráðið fjalli um önnur mál er varða Framtakssjóð Íslands slhf.
- 16.2 Ráðgjafaráðið kemur saman þegar FSÍ GP ehf. óskar en skal auk þess kallað saman komi fram beiðni frá 1/5 ráðgjafaráðsmanna eða frá hluthafa-/hluthöfum sem standa samtals

að baki 1/5 af fjárfestingarloforðum Framtakssjóðs Íslands slhf., eða ef fram kemur krafa frá hluthafa um að ráðið fjalli um tiltekið mál vegna túlkunar samningsins eða hagsmunaárekstra.

17 LÁN OG ÁBYRGÐIR

- 17.1 Framtakssjóður Íslands slhf. má taka lán, samkvæmt ákvörðun stjórnar FSÍ GP ehf. til að brúa fjárþörf Framtakssjóðs Íslands slhf. ef til þess kemur að ráðast þurfi í fjárfestingu áður en fjármunir hafa borist í samræmi við fjárfestingaloforð. Heildarskuldbinding Framtakssjóðs Íslands slhf. og/eða ábyrgðir mega þó ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur 10% af heildarfjárfestingarloforðum á hverjum tíma.
- 17.2 Einnig má Framtakssjóður Íslands slhf. gangast í ábyrgðir eða veita fjárhagslega fyrirgreiðslu:
- félögum í eignasafni Framtakssjóðs Íslands slhf. eða lögaðilum sem tengjast fyrirtækjaþróun þeirra félaga
 - til þess að greiða kostnað við rekstur Framtakssjóðs Íslands slhf.

18 ÚTBORGANIR

- 18.1 Hreinn afrakstur (sölutekjur að frádregnum beinum kostnaði vegna sölu) af sölu eigna Framtakssjóðs Íslands slhf., arðgreiðslum og/eða fjármagnstekjum greiðist hluthöfum pro rata, þannig að hluthafar fá fyrst greiddan höfuðstól allra fjárfestinga að viðbættu álagi vegna hagnaðar. Höfuðstóllinn er greiddur í formi lækkunar hlutafjár en álag sem hlutdeild hluthafa í hagnaði Framtakssjóðs Íslands slhf. Útborganir skulu eiga sér stað eins fljótt og hægt er þegar afrakstur tiltekinna eigna liggur fyrir og greiðslur hafa borist.
- 18.2 Útgreiðslur skulu vera í formi reiðufjár eða skráðum verðbréfum, nema við slit Framtakssjóðs Íslands slhf., en þá geta útgreiðslur verið í formi óskráðra verðbréfa. Í því tilviki skal fá óvilhallan aðila til að meta verðmæti þeirra.

19 FRAMSAL EIGNARHLUTA OG AFTURKÖLLUN

- 19.1 Hluthafi má selja, veðsetja eða framselja hlut sinn hlut, sbr. grein 10.1.
- 19.2 Við framsal hlutar skuldbindur framseljandi sig til þess að vera áfram aðili að samningi þessum og ábyrgist að framsalshafi efni skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum hans, sbr. grein 8.1, og haldi aðra hluthafa skaðlausan af broti framsalshafa á skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum. Stjórn FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) GP ehf., sem er ábyrgðaraðili Framtakssjóðs Íslands slhf., getur þó heimilað að framseljandi ábyrgist *ekki* að framsalshafi efni skuldbindingar sínar við framsal.
- 19.3 Allar tilraunir til framsals sem ekki eru í samræmi við samning þennan skulu vera ógildar og að engu hafandi, og skal félagið ekki veita gildi neinu framsali sem fram hefur farið í bága við ákvæði þessarar greinar eða nokkurt annað beint ákvæði samnings þessa, og skal það ekki láta neinar breytingar á eigendaskráningu hluta koma fram í bókum sínum í kjölfar slíkrar framsalstilraunar.

20 UMSÝSLUÞÓKNUN

- 20.1 Framtakssjóður Íslands slhf. greiðir FSÍ GP ehf. útlagðan kostnað við rekstur sjóðsins.
- 20.2 Umsýsluþóknunin er greidd af handbæru fé Framtakssjóðs Íslands slhf. Reynist þörf á má FSÍ GP ehf. innheimta fjárfestingaloforð til greiðslu umsýsluþóknunar.

21 GREIÐSLUR FYRIR ÞJÓNUSTU FSÍ GP EHF.

- 21.1 FSÍ GP ehf. kann að fá greiðslur frá þeim fyrirtækjum, sem fjárfest er í t.d. þóknanir vegna stjórnarsetu. FSÍ GP ehf. er heimilt að halda slíkum greiðslum til greiðslu kostnaðar af umsjón og rekstri Framtakssjóðs Íslands slhf.

22 STOFNKOSTNAÐUR

- 22.1 Framtakssjóður Íslands slhf. skal bera allan kostnað við stofnun félagsins, svo sem lögfræðikostnað, gjöld til hins opinbera, gjöld til milligönguáðila við öflun fjárfestingaloforða og annan kostnað sem eðlilegt má telja að sé hluti af því að koma félaginu á laggirnar.

23 ANNAR KOSTNAÐUR

- 23.1 Framtakssjóður Íslands slhf. mun greiða allan kostnað af umsjón og rekstri Framtakssjóðs Íslands slhf. og FSÍ GP ehf., svo sem laun starfsmanna, húsaleigu og almennan stjórnunarkostnað. Framtakssjóður Íslands slhf. mun greiða beinan kostnað við kaup og sölu á fjárfestingunum, þ.m.t. söluþóknun, opinber gjöld, kostnað vegna samningsgerðar, málsvarnarlaun, skaðabætur og kostnað vegna lokunar eða slita Framtakssjóðs Íslands slhf. Þá mun Framtakssjóður Íslands slhf. einnig greiða kostnað vegna vanefnda á fjárfestingaloforðum, kostnað vegna endurskipulagningar eða breytinga á högum Framtakssjóðs Íslands slhf.

24 SKATTALEG MÁL

- 24.1 Framtakssjóður Íslands slhf. er ekki sjálfstæður skattaðili. Hverjum hluthafa fyrir sig ber að standa skil á sköttum og öðrum opinberum gjöldum vegna starfsemi Framtakssjóðs Íslands slhf. eins og skattskylda hvers myndast skv. skattalögum.

25 BÓKHALDSSKYLDA

- 25.1 Framtakssjóður Íslands slhf. skal í bókhaldi sínu halda reikning fyrir hvern einstakan hluthafa, þar sem fram koma fjárfestingaloforð, innborganir og útgreiðslur og áfallinn kostnaður viðkomandi hluthafa.

26 UPPLÝSINGASKYLDA

- 26.1 Árlega mun Framtakssjóður Íslands slhf. senda hluthöfum endurskoðaða ársreikninga. Ársfjórðungslega munu hluthafar hafa aðgang að óendurskoðuðum ársfjórðungsuppgjörum. Að auki mun Framtakssjóður Íslands slhf. útvega hluthöfum

allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að þeir geti innt af hendi upplýsingaskyldu við yfirvöld, þ.m.t. skattframtöl og upplýsingar til Fjármálaeftirlits.

27 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

27.1 Hluthafar Framtakssjóðs Íslands slhf. fallast á að FSÍ GP ehf. og starfsmenn FSÍ GP ehf. og tengdir aðilar séu ekki skaðabótaskyldir gagnvart Framtakssjóði Íslands slhf. eða hluthöfum Framtakssjóðs Íslands slhf. vegna gerða sinna eða þess sem þeir hafa látið ógert nema um sé að ræða fjársvik, vísvitandi brot eða stórkostlega vanrækslu. Einnig skal FSÍ GP ehf. og starfsmenn þess ekki vera bótaskyldir vegna mistaka eða misgjörða tengdra aðila eins og verðbréfamiðlara eða annarra sem starfa að hluta til í umboði Framtakssjóðs Íslands slhf. eða FSÍ GP ehf. Hluthafar eru ekki ábyrgir gagnvart Framtakssjóði Íslands slhf. umfram þau fjárfestingaloforð sem þeir hafa gefið.

28 LÖG SEM UM SAMNINGINN GILDA OG LAUSN DEILUMÁLA.

- 28.1 Þar sem samningur þessi kveður ekki á um hversu með skuli fara skulu ákvæði laga nr. 2 frá 1995 um hlutafélög og önnur viðeigandi íslensk lög gilda.
- 28.2 Hluthafar skulu leitast við að setta sérhvern ágreining í góðri trú. Geti þeir ekki leyst ágreining í góðri trú getur hluthafi lagt deiluefnið fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

29 HEILDARSAMNINGUR

29.1 Samningur þessi hefur að geyma alla þá skilmála sem aðilarnir hafa orðið ásáttir um og efni hans varða, og kemur í stað allra samninga, umleitana, bréfavíðskipta, skuldbindinga og orðsendinga aðilanna, skriflegra og munnlegra, sem á undan hafa farið eða komið til um leið um það efni.

30 TILKYNNINGAR

30.1 Allar tilkynningar og orðsendingar samkvæmt samningi þessum skulu veittar skriflega og afhentar viðkomandi aðila eða sendar með flugpósti í ábyrgð, tölvupósti eða bréfsíma á heimilisfang þess aðila, bréfsímanúmer hans eða tölvupóstfang sem tilgreint er í grein 30.2. Sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum skal litið svo á að hver tilkynning eða önnur orðsending sé gild eða fram komin ef (i) á viðtökudegi, hafi hún verið handfalin, (ii) átta vinnudögum eftir sendingu, hafi það verið gert með ábyrgðarpósti í flugi, eða (iii) einum vinnudegi frá sendingu, hafi það verið gert með tölvupósti eða bréfsíma með staðfestingu á móttöku.

30.2 Utanáskrift tilkynninga og orðsendinga skal vera eftirfarandi:

Til FSÍ (FRAMTAKSSJÓÐS ÍSLANDS) GP EHF:
FSÍ (Framtakssjóður Íslands) GP ehf.,